

---

Útskrift Sjúkraflutningaskólans 2017

Útskrift Sjúkraflutningaskólans verður haldin á Sjúkrahúsinu á Akureyri föstudaginn 2. júní kl. 17:00. Útskrifaðir verða 131 nemendur

Af þessum 131 nemendum útskrifast 70 með grunnréttindi sem sjúkraflutningamenn að loknu 261 klst grunnnámskeiði.

61 nemendur ljúka 40 klst námi sem Vettvangsliðar (First Responders). Það nám er ætlað þeim einstaklingum sem eru líklegir til að verða fyrstir á vettvang slysa, s.s lögreglu, slökkviliðs- eða björgunarsveitarmenn og almenningur þar sem langt er í aðrar bjargir. Námskeiðið er byggt á viðurkenndum bandarískum staðli og staðfært að íslenskum aðstæðum og inniheldur bæði bóklega og verklega kennslu.

Eitt vettvangsliðanámskeið var fyrir starfsmenn Isavia sem sinna björgunar- og slökkviþjónustu á Keflavíkurlugvelli, eitt námskeið fyrir Securitas í Reykjavík og Akureyri sem sinna útköllum vegna neyðarhnappa í heimahúsum, eitt fyrir sérsveit Ríkislögreglustjóra, eitt fyrir Slökkvilið Þingeyjarsveitar og svo eitt fyrir Hjálparsveit skáta í Aðaldal.

Á árinu hófst kennsla í nýju framhaldsnámi sjúkraflutningamanna sem nú er skipt í fjórar lotur og geta nemendur klárað það á allt að þremur árum. Samtals sótt 88 nemendur fyrstu tvær loturnar sem kenndar voru á vorönn.

Á árinu 2016 voru haldin 30 námskeið og var heildarfjöldi þátttakenda 282.

Það sem af er árinu 2017 hafa verið haldin 34 námskeið með samtals 433 þátttakendum.

Markmið Sjúkraflutningaskólans er að mennta einstaklinga til starfa við sjúkraflutninga og hafa umsjón með framhalds- og símenntun fyrir sjúkraflutningamenn og aðra sem tengjast sjúkraflutningum og utanspítalþjónustu. Við skólann starfar einn skólastjóri. Auk hans starfa við skólann fjöldi leiðbeinenda sem verktakar sem eru m.a. sjúkraflutningamenn, hjúkrunarfræðingar, ljósmæður og læknar.

Sjúkraflutningaskólinn er rekinn sem sjálfbær eining innan Sjúkrahússins á Akureyri (SAk) og ber framkvæmdastjórn SAk ábyrgð á daglegum rekstri skólans. Ennfremur er starfandi fagrað Sjúkraflutningaskólans en í því sitja fulltrúar frá SAk, Velferðarráðuneyti, Háskólanum á Akureyri og Landssambandi slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna.